

37**7. gr.**

20. febr. Þegar skilyrði eru til að veita styrk úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar, skal reikningshaldari auglýsa styrkinn til umsóknar að tilgreindum skilyrðum fyrir úthlutun hans samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Nú berst engin umsókn, eða sýslunefnd þykir ekki ástæða til að veita styrk, og geymist úthlutunararféð þá frá ári til árs.

8. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu og umráðum sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ákvörðun um styrkveitingu skal taka á lögmaðum sýslufundi. Oddviti sýslunefndar er reikningshaldari sjóðsins.

9. gr.

Styrkveitinga sé getið í sýslufundagerðum sem annarra ályktana nefndarinnar. Þar skal og birta, um leið og sýslunefnd tekur við umráðum og vörzlu sjóðsins, reglugerð hans, svo og skal birta reikning hans þau árin, sem styrkir eru veittir.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

38**A U G L Ý S I N G**

21. febr

um breyting á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 74 7. des. 1923.

Réttindi þau og gjaldfrestur fyrir einkaleyfishafa, sem um getur í auglýsingu nr. 4 4. janúar 1944, skulu haldast til 1. október 1946.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til að öðlast þegar gildi og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálason.

39**A U G L Ý S I N G**

22. febr.

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 13 3. febrúar 1939.

Aftan við 2. gr. fiskveiðasamþykktarinnar bætist:

Róðrartími sá, sem um getur í grein þessari, miðist við íslenzkan meðaltíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1946.

Áki Jakobsson.

Páll Pálason.